



MANNVIT



FJARÐABYGGÐ

HEYKLIF FERÐAÞJÓNUSTA UMHVERFISSKÝRSLA



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI FJARÐABYGGÐAR
2007-2027 OG DEILISKIPULAG
UMHVERFISSKÝRSLA

JANÚAR 2020

Titilblað

Skjalaheiti: 3761270-000-HRP-0001	Útgáfudagur: 21.01.2020	Útgáfunúmer: 01
---	-----------------------------------	---------------------------

Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Heyklif ferðapjónusta. Umhverfisskýrsla.	Upplag:
	Fjöldi síðna: 17

Höfundur/ar: Auður Andrésdóttir	Verkefnisstjóri (undirskrift):  Kt. 161081-3299
	Yfirfarið (undirskrift): 

Verkkaupi: THESAURO PRAETOR SAM	Tengiliður verkkaupa: Jerome Bottari
Samstarfsaðilar: Arkís arkitektar ehf	

Útdráttur: Umhverfismat þetta er hluti af breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 og deiliskipulagsáætlun fyrir Heyklif ferðapjónustu á Kambanesi sem getur haft í för umhverfisáhrif á náttúrufar, landslag og ásýnd. Valkostur 1 var valinn út frá umhverfissjónarmiðum, auk þess sem hann er hagkvæmari í framkvæmd en valkostur 2 sem auk núllkosta er einnig kynntur. Efnisorð: Ferðapjónusta, deiliskipulag, aðalskipulag, umhverfisskýrsla, Heyklif.

Dreifing:

- Opín öllum starfsmönnum Lokuð

Breytingasaga:

1	21.01.2020		AA	RDB
Útgáfunúmer	Dagsetning	Breyting	Höfundur	Yfirfarið

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Tengsl við aðrar áætlanir	2
3. Grunnástand – Umhverfi og staðhættir	3
4. Vinnulag	3
5. Mat á umhverfisáhrifum	4
5.1 Valkostir	8
5.2 Mótvægisáðgerðir	14
5.3 Niðurstaða umhverfismats	14
6. Vöktun	15
7. Leyfi	15
8. Samantekt umhverfismats	15
Heimildir	17

1. Inngangur

Umhverfismat þetta er hluti af tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 og gerð deiliskipulagsáætlunar fyrir Heyklif ferðaþjónustu á Kambanesi og er unnið samhliða því. Umhverfismatið er sett fram í samræmi við eftirfarandi kröfur laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006:

Í umhverfisskýrslu skal eftirfarandi koma fram:	Í deiliskipulagi, breytingu á aðalskipulagi og umhverfisskýrslu er fjallað um þessi atriði á eftirfarandi hátt:
Yfirlit yfir efni og helstu stefnumið aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsins.	Sjá kafla 1, 3 og 5 í tillögu að breytingu aðalskipulags. Sjá kafla 1, 2 og 9 í greinargerð með deiliskipulagi.
Tengsl aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsins við aðra áætlanagerð	Sjá kafla 4 í tillögu að breytingu aðalskipulags. Sjá umfjöllun í kafla 2 í þessari umhverfisskýrslu og 5. kafla deiliskipulagsgreinargerðar.
Lýsing á þeim þáttum í umhverfinu sem skipta máli varðandi efni og landfræðilegt umfang aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsins.	Sjá kafla 2 í tillögu að breytingu aðalskipulags. Í deiliskipulagsgreinargerð er fjallað um stærð og afmörkun deiliskipulagssvæðis í 3. kafla. Í 4. kafla er lýsing á landi og núverandi aðstæðum er varðar umhverfi og stæðhætti og í 6. og 7. kafla er fjallað um minjar og verndarsvæði. Þá er fjallað ítarlegar um gróður, fugla og fjöruvist á Kambanesi í skýrslu Náttúrustofu Austurlands og um fornleifar á deiliskipulagssvæðinu í Skráningarverkefni 152 og eru báðar skýrslur meðfylgjandi gögn með deiliskipulagstillögu.
Umfjöllun um líklega þróun umhverfisins án framfylgdar aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsins.	Kafla 5 og 5.3 í þessari umhverfisskýrslu
Lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsins.	Í kafla 7 í deiliskipulagsgreinargerð og kafla 5 í þessari umhverfisskýrslu.
Lýsing á umhverfisvandamálum sem varða aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagið, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi.	Kafla 7 í deiliskipulagsgreinargerð Kafla 5 í þessari skýrslu.
Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða deiliskipulagið.	Kafla 5, 6 og 7 í deiliskipulagsgreinargerð Kafla 4 og 5 í þessari skýrslu.
Umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til umhverfisverndarmarkmiða stjórnvalda og annarra umhverfissjónarmiða við aðalskipulagsbreytingu og gerð deiliskipulagsins.	Kafla 5, 6 og 7 í deiliskipulagsgreinargerð, Kafla 4 og 5 í þessari skýrslu.
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsins.	Kafla 5 í þessari skýrslu.

Í umhverfisskýrslu skal eftirfarandi koma fram:	Í deiliskipulagi, breytingu á aðalskipulagi og umhverfisskýrslu er fjallað um þessi atriði á eftirfarandi hátt:
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum raunhæfra valkosta við aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagið.	Kafla 5 í þessari skýrslu
Upplýsingar um aðgerðir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagsins.	Kafla 5.2 í þessari skýrslu
Yfirlit yfir ástæður þess að kostirnir, sem um er að ræða, voru valdir.	Kafla 5.1 og 5.3 í þessari skýrslu.
Lýsing á því hvernig matið fór fram.	Kafla 4 og 5 í þessari skýrslu
Upplýsingar um hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd deiliskipulag.	Kafla 6 í þessari skýrslu
Samantekt umhverfismats	Kafla 8 í þessari skýrslu

Fyrirhugaðar framkvæmdir á Kampanesi eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.05 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 eru skipulagsáætlanir háðar umhverfismati, ef þær fela í sér stefnumörkun sem varðar landnotkun og framkvæmdir sem geta haft í för með sér umhverfisáhrif. Hér á eftir er fjallað um möguleg umhverfisáhrif þeirrar landnotkunar sem mörkuð er stefna um og er byggt á fyrirliggjandi upplýsingum. Vísað er til nákvæmari upplýsinga í tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. Við mat á vægi áhrifa er m.a. horft til viðmiða sem sett eru fram í umhverfisskýrslu gildandi aðalskipulags og einkunn gefin í samræmi við nákvæmni deiliskipulagsstigs og fyrirliggjandi upplýsingar.

2. Tengsl við aðrar áætlanir

Kampanes fellur innan Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027. Í aðalskipulaginu er Kampanes skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd Fjarðabyggðar hefur heimilað að á nesinu megi byggja upp ferðaþjónustu innan landbúnaðarsvæðisins. Í ágúst 2019 samþykkti eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd Fjarðabyggðar að fara í breytingar á aðalskipulagi, þannig að í aðalskipulagi Fjarðabyggðar verði gert ráð fyrir ferðaþjónustu á öllu Heyklifssvæðinu.

Í maí 2019 samþykkti eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd skipulags og matslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir Heyklif á Kampanesi við sunnanverðan Stöðvarfjörð

Eins og fram kemur í kafla 1 þá falla fyrirhugaðar framkvæmdir undir tölulið 12.05 í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og eru því tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lögnum.

Samhliða deiliskipulagsgerð er unnið að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar, sem samþykkt var í ágúst 2019 þannig að í aðalskipulagi Fjarðabyggðar verði gert ráð fyrir ferðaþjónustu á öllu Heyklifssvæðinu, og matsskyldutilkynningu til Skipulagsstofnunar.

3. Grunnástand – Umhverfi og staðhættir

Í 4. kafla deiliskipulagsgreinargerðar er lýsing á landi og núverandi aðstæðum skipulagssvæðisins á Kambanesi. Um er að ræða gamla bújörð þar sem búskapur hefur lagst af. Nesið er fremur hrjóstrugt en gróðurfar nokkuð fjölbreytilegt. Víða er talsverður votlendisgróður. Lífríki svæðisins einkennist af nálægð við sjóinn. Fuglalíf er mest við ströndina og þá á varptíma á vorin.

Í 6. kafla deiliskipulagsgreinargerðar er fjallað um minjar og verndarsvæði. Samkvæmt fyrirbyggjandi fornleifaskráningu eru 51 fornleif skráð á skipulagssvæðinu. Kambanesviti var reistur árið 1922 og er því umsagnarskyldur sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012 en ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum við vitann.

Í 7. kafla deiliskipulagsgreinargerðar er greint frá svæðum sem verndarkvaðir hvíla á samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 11 kafla greinargerðarinnar er fjallað um veitur, lagnir og spennistöðvar.

4. Vinnulag

Skipulags og byggingafulltrúi Fjarðabyggðar ásamt teymi frá Arkís og Mannviti unnu umhverfismat samhliða stefnumótun. Samráð hefur verið haft við ýmsa aðila vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Síðla árs 2017 voru fyrirhuguð áform um uppbyggingu ferðaþjónustu á Kambanesi kynnt sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats í samræmi við lög um umhverfismat áætlana, 2. mgr. 6.gr laganna.

Gerð var grein fyrir umfangi og aðferð við mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsins í skipulags- og matslýsingu verkefnisins. Skipulags- og byggingafulltrúi Fjarðabyggðar óskaði umsagnar um hana. Umsagnir um mats- og skipulagslýsingu bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Minjastofnun Íslands.

Skipulags- og matslýsing var samþykkt í bæjarstjórn 14.11.2019. Lýsingin var send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til kynningar og samráðs.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að nýju deiliskipulagi, ásamt umhverfisskýrslu voru kynntar samhliða á vinnslustigi í desember 2019 með fresti til 3. janúar til að koma með athugasemdir og ábendingar. Engar efnislegar athugasemdir bárust.

Skipulagssvæðið hefur verið kortlagt með því að gera nákvæmt þrívíddarlíkan út frá loftmyndum og LIDAR mælingum.

Leitað var til fagaðila varðandi úttekt á náttúrufari og fornminjum. Varðandi úttektir á gróðurfari og dýralífi var leitað til Náttúrustofu Austurlands. Fornleifafræðingur skráði fornleifar. Í framhaldi af umsögn Umhverfisstofnar og niðurstöðum náttúruvarfræðisráðgjafarinnar var haldinn fundur með Umhverfisstofnun.

Tafla 4.1. Viðmið sem horft var til við umhverfismat deiliskipulagsins og tillögu að aðalskipulagsbreytingu.

Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027	Stefna um veðurfar í kafla 3.1.1
	Kafli 3.2.1 Stefna – landslag og náttúrufar.
	Kafli 5.4.1 Stefna - Landbúnaður.
	Kafli 5.6.1 Stefna – verslun og þjónusta.

	Skipulagsákvæði í kafla 6. um fráveitu, förgun úrgangs og vatnsveitu.
	Kafli 8.1.1 Stefna - byggðamynstur og búsetulandslag í dreifbýli.
Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd	69. gr. - Við hönnun mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. 61.gr. - Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja (kortabekja Náttúrufræðistofnunar). 33.gr. - Náttúruminjaskrá.
Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir	Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengudu umhverfi.
Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Markmið: Að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelða aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins. M.a. 3.gr. um að ekki megi spilla fornleifum nema með leyfi Minjastofnunar.

5. Mat á umhverfisáhrifum

Tafla 5.1. Umhverfispættir til skoðunar, viðmið og viðfangsefni.

Umhverfispættir	Stefnuskjöl til viðmiðunar	Megin matsspurningar við mat á áhrifum á umhverfispátt
Landslag og ásýnd	<p>Núgildandi aðalskipulag Farðabyggðar 2007-2027:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Kafli 3.1.1 Stefna um veðurfar. Við skipulag byggðar skal taka tillit til veðurfars, svo sem með því að huga að afstöðu sólar og skapa skjól fyrir ríkjandi vindáttum. Kafli 3.2.1 Stefna – landslag og náttúrufar. Öll þróun byggðar og landnýting, í og utan þéttbýlis, skal taka mið af landslagi og náttúrulegri ásýnd einstakra svæða. Sérstaklega skal gæta að svæðum sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda utan þéttbýlis. Jafnframt skal miðað að endurheimt votlendis, þar sem því verður við komið. <p>69.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Við hönnun mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. 	
Náttúrufar	<p>61.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja (kortaþekja Náttúrufræðistofnunar). -Votlendi sem eru stærri en 20.000 m² eru vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar. <p>33.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Náttúruminjaskrá. <p>Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.</p> <p>Náttúrufræðistofnun Íslands,</p> <ul style="list-style-type: none"> -Válisti plantna. -Válisti fugla 	<ul style="list-style-type: none"> -Hverjar verða breytingar á einkennum umhverfispáttar. -Umfang áhrifa (lands-, svæðis- eða heimsvísu) -Áhrif á verndargildi umhverfispáttar -Samræmi við stefnumörkun -Tímalengd áhrifa og afturkræfni.
Vatnafar	<p>Núgildandi aðalskipulag:</p> <ul style="list-style-type: none"> - kafli 3.2.1 Stefna – landslag og náttúrufar. Sérstaklega skal gæta að svæðum sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda utan þéttbýlis. Jafnframt skal miðað að endurheimt votlendis, þar sem því verður við komið. - 6. kafli Skipulagsákvæði í um fráveitu, förgun úrgangs og vatnsveitu. 	

Umhverfisþættir	Stefnuskjöl til viðmiðunar	Megin matsspurningar við mat á áhrifum á umhverfisþátt
	<p>61.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:</p> <p>-Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja (kortaþekja Náttúrufræðistofnunar)</p> <p>Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála</p> <p>Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir</p>	
Fornminjar	<p>Lög nr. 80/2012 um menningarminjar:</p> <p>- Markmið: Að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvela aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins.</p> <p>- 3.gr. um að ekki megi spilla fornleifum nema með leyfi Minjastofnunar.</p>	
Samfélag	<p>Núgildandi aðalskipulag:</p> <p>- Kafli 5.6.1 Stefna – verslun og þjónusta. Unnið verði að eflingu þjónustugreina í Fjarðabyggð, einkum tengdum fræðslustarfsemi, heilbrigðisþjónustu og ferðaþjónustu.</p> <p>Unnið verði að eflingu ferðaþjónustu í Fjarðabyggð, varðandi gistimöguleika, veitingar og afþreyingu tengda náttúru og menningu. Grundvöllur ferðaþjónustunnar verði styrktur með því að varðveita gæði náttúru og menningarlandslags.</p> <p>-Kafli 6 um stefnu um Dreifbýli-sveitirnar. Fjallað um landbúnað, íbúðarsvæði, skógrækt, verndarsvæði og frístundabyggð.</p> <p>-Kafli 7 um ferðaþjónustu. Fjallað er um segla og uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitum.</p>	
Heilsa og öryggi	<p>Núgildandi aðalskipulag:</p> <p>-Kafli 3.3 Stefna - náttúruvá. Skipulag byggðar skal taka mið af þekktri hættu á ofanflóðum. Við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda utan þéttbýlis skal gætt að því hvort hættu er á ofanflóðum.</p> <p>Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir</p> <p>- Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.</p> <p>Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001</p>	

Umhverfisþættir	Stefnuskjöl til viðmiðunar	Megin matsspurningar við mat á áhrifum á umhverfispátt
	Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999	
Landnotkun og takmarkanir	<p>Núgildandi aðalskipulag:</p> <p>-Kafli 3.2.1 Stefna – landslag og náttúrufar. Öll þróun byggðar og landnýting, í og utan þéttbýlis, skal taka mið af landslagi og náttúrulegri ásýnd einstakra svæða. Sérstaklega skal gæta að svæðum sem njóta verndar skv. lögum um um náttúruvernd við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda utan þéttbýlis.</p> <p>-Kafli 3.3 Stefna - náttúruvá. Við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda utan þéttbýlis skal gætt að því hvort hætta er á ofanflóðum.</p> <p>- Kafli 5.4.1 Stefna - Landbúnaður. Öll mannvirkjagerð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum taki tillit til búsetulandslags og náttúru- og menningarminja eins og kostur er og forðast verði að skerða berjalönd, votlendi og mikilvæg sjónarhorn til kennileita eða fjalla.</p> <p>- Kafli 8.1.1 Stefna - byggðamynstur og búsetulandslag í dreifbýli. Allar framkvæmdir í dreifbýli miðist við að virða búsetulandslag og vernda, eftir því sem kostur er, ásýnd til mikilvægra kennileita og landslagsþátta, svo sem fjalla, sjávar, gilja, lækja, fossa, votlendis og birkikjarrs.</p> <p>61.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:</p> <p>-Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja (kortabekja Náttúrufræðistofnunar).</p> <p>33.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:</p> <p>-Náttúruminjaskrá.</p>	

5.1 Valkostir

Eftirfarandi er umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum raunhæfra valkosta sem skoðaðir hafa verið og mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagbreytingar og deiliskipulagsáætlunarinnar. Samsetning valkosta 1 og 2 er þannig tilkomin að þeir voru skilgreindir í deiliskipulagsvinnunni. Valkostur 1 gerir ráð fyrir minna umfangi, s.s. fjölda byggðra fermetra af húsnæði, færri hús og minni vegagerð. Valkostur 2 er aftur dreifðari um nesið, með meiri vegagerð og fleiri byggingum. Skipulagssvæðið í dag býður upp á að byggt sé þéttar að núverandi vegi (valkostur 1) og því ekki þörf á að dreifa byggð um nesið (valkostur 2). Hér á eftir er samanburður á þeim kostum sem skoðaðir hafa verið varðandi fyrirhugaða uppbyggingu á ferðaþjónustu á Kambanesi. Þar er um eftirfarandi að ræða:


Valkostur 1: Fyrirhuguð áform um endurskoðaða tillögu að uppbyggingu ferðaþjónustu á Kambanesi sem kynnt er sem valkostur 1 má sjá á mynd 5.1.

Valkostur 2: Uppbygging á Kambanesi samkvæmt fyrri tillögu sem er kynnt sem valkostur 2 má sjá á mynd 5.2


Valkostur 3: Núllkostur eða óbreytt ástand.

Varðandi breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar er aðeins um tvo valkosti að ræða er varðar staðarval fyrir fyrirhugað uppbyggingu þ.e. valkost 1, að byggja upp ferðaþjónustu á Heyklifi á Kambanesi, eða núllkost óbreytt ástand.

Samanburður valkosta er settur fram í töflu 5.2.



Mynd 5.1. Mynd frá 8.10 2019, frá DP Architecture. Endurskoðuð tillaga að uppbyggingu á Kambanesi sem kynnt er sem valkostur 1. Á myndina eru settar niðurstöður rannsókna á náttúrfari og fornminjum.



Mynd 5.2. Mynd frá júlí 2019, frá Arkís byggð á tillögu DP Architecture og rannsóknum á náttúruferi og fornminjum. Tillaga að uppbyggingu ferðaþjónustu á Kambanesi. Svokallað Masterplan phase 2. Tillaga sem kynnt er sem valkostur 2.

Tafla 5.2. Samanburður valkosta 1 og 2 auk núllkost við uppbyggingu ferðaþjónustu á Kambanesi - yfirlit

Umhverfisþættir	Valkostur 1–Kambanes uppbygging ferðaþjónustu	Valkostur 2 – Kambanes uppbygging ferðaþjónustu	Valkostur 3-Núll kostur
Landslag og ásýnd	<p>Neikvæð áhrif:</p> <p>Breyting verður á einkennum umhverfisþáttar með uppbyggingu á Kambanesi.</p> <p>Áhrif eru staðbundin og ná til nokkurs fjölda fólks.</p> <p>Haganleg uppbygging þar sem tekið er tillit til landslags og umhverfis.</p> <p>Við hönnun mannvirkja er tekið mið af landslagi og þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.</p> <p>Áhrif eru til langs tíma en þó afturkræf að mestu með tilliti til þessa umhverfisþáttar.</p>	<p>Neikvæð áhrif:</p> <p>Breyting verður á einkennum umhverfisþáttar með uppbyggingu á Kambanesi.</p> <p>Áhrif eru staðbundin og ná til nokkurs fjölda fólks.</p> <p>Haganleg uppbygging þar sem tekið er tillit til landslags og umhverfis. Umfang mannvirkja, s.s. vega og bygginga er meira en í valkosti 1 og skera þau sig nokkuð úr í landslagi og umhverfi.</p> <p>Við hönnun mannvirkja er tekið mið af landslagi og þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.</p> <p>Áhrif eru til langs tíma en þó afturkræf að mestu með tilliti til þessa umhverfisþáttar.</p>	<p>Óveruleg áhrif:</p> <p>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa.</p>
Náttúrufar	<p>Óveruleg neikvæð áhrif:</p> <p>Breyting verður á einkennum umhverfisþáttar með uppbyggingu.</p> <p>Áhrif eru staðbundin.</p> <p>Lítill eða engin skerðing á gróðri eða tegundum með verndargildi.</p> <p>Lítill áhrif á fugla og fjörur.</p> <p>Mannvirki utan verndarsvæða, þ.m.t. votlendis.</p> <p>Áhrif eru til langs tíma en þó afturkræf að mestu með tilliti til þessa umhverfisþáttar.</p>	<p>Neikvæð áhrif:</p> <p>Breyting verður á einkennum umhverfisþáttar með uppbyggingu.</p> <p>Áhrif eru staðbundin.</p> <p>Skerðing á gróðri eða tegundum með verndargildi.</p> <p>Neikvæð áhrif á fugla en óveruleg áhrif á fjörur.</p> <p>Umfang mannvirkja, s.s. vega og bygginga er meira en í valkosti 1 og hefur áhrif á þrjú votlendissvæði sem eru stærri en 2 ha.</p> <p>Áhrif eru til langs tíma en þó afturkræf að hluta með tilliti til þessa umhverfisþáttar.</p>	<p>Óveruleg áhrif:</p> <p>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa.</p>
	<p>Óveruleg neikvæð áhrif:</p> <p>Óveruleg breyting á einkennum umhverfisþáttar.</p>	<p>Neikvæð áhrif:</p> <p>Óveruleg breyting á einkennum umhverfisþáttar.</p>	<p>Óveruleg áhrif:</p> <p>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa</p>

Umhverfisþættir	Valkostur 1–Kambanes uppbygging ferðaþjónustu	Valkostur 2 – Kambanes uppbygging ferðaþjónustu	Valkostur 3-Núll kostur
Vatnafar	Fráveita hönnuð þannig að ekki verður mengun vatns eða sjávar. Vatnstaka verður úr brunni í landi Hvalsness, utan deiliskipulagssvæðis. Hugsanlega verður farið í borholurannsóknir til að leita jarðhita og neysluvatns sem nýtist verkefninu. Mannvirki utan verndarsvæða og hafa ekki áhrif á votlendi. Áhrif eru til langs tíma en afturkræf með tilliti til þessa umhverfisþáttar.	Fráveita hönnuð þannig að ekki verður mengun vatns eða sjávar. Vatnstaka verður úr brunni í landi Hvalsness, utan deiliskipulagssvæðis. Mannvirki hafa áhrif á þrjú votlendissvæði sem eru stærri en 2 ha. Áhrif eru til langs tíma en afturkræf með tilliti til þessa umhverfisþáttar.	
Fornminjar	Óveruleg áhrif: Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. Framkvæmdir utan minjasvæða.	Óveruleg neikvæð áhrif: Óverulegar breytingar á einkennum umhverfisþáttar og umfangi áhrifa. Framkvæmdir í nánd við minjasvæði.	Óveruleg áhrif: Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa.
Samfélag	Jákvæð áhrif: Breyting á einkennum umhverfisþáttar. Auknar tekjur sveitarfélagsins, efling atvinnulífs og ferðaþjónustu. Jákvæð áhrif á svæðisvísu. Ekki gert ráð fyrir uppbyggingu í nágildandi skipulagi en horft til breytinga. Svæði innan seguls ferðaþjónustu. Áhrif eru til langs tíma en afturkræf með tilliti til þessa umhverfisþáttar.	Jákvæð áhrif: Breyting á einkennum umhverfisþáttar. Auknar tekjur sveitarfélagsins, efling atvinnulífs og ferðaþjónustu. Jákvæð áhrif á svæðisvísu. Ekki gert ráð fyrir uppbyggingu í nágildandi skipulagi en horft til breytinga. Svæði innan seguls ferðaþjónustu. Áhrif eru til langs tíma en afturkræf með tilliti til þessa umhverfisþáttar.	Neikvæð áhrif: Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. Þar með engin uppbygging og tekjur til sveitarfélags né enn frekari efling ferðaþjónustu á svæðinu.
Heilsa og öryggi	Óveruleg neikvæð áhrif: Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. Framkvæmdir að nær allar utan hættusvæða vegna náttúruvár. Hluti bygginga í námunda við möguleg hættusvæði vegna snjóflóðahættu í hlíðum Kambahnútu.	Óveruleg neikvæð áhrif: Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. Framkvæmdir að nær allar utan hættusvæða vegna náttúruvár. Hluti bygginga í námunda við möguleg hættusvæði vegna snjóflóðahættu í hlíðum Kambahnútu.	Óveruleg áhrif: Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa.

Umhverfisþættir	Valkostur 1–Kambanes uppbygging ferðaþjónustu	Valkostur 2 – Kambanes uppbygging ferðaþjónustu	Valkostur 3-Núll kostur
Landnotkun og takmarkanir	Óveruleg áhrif: Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. Framkvæmdir utan verndarsvæða sem takmarka landnotkun.	Óveruleg neikvæð áhrif: Framkvæmdir á verndarsvæðum vegna skerðingar á votlendi sem nýtur verndar. Hefur áhrif á landslags og náttúrulega ásýnd vegna umfangs og staðsetningar mannvirkja.	Óveruleg áhrif: Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa.

5.2 Mótægisaðgerðir

Til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið og verndargildi svæðisins verður ráðist í mótægisaðgerðir. Almennt verður lögð áhersla á vistvænar lausnir, við skipulag og byggingar þannig að byggðin hafi sem minnst áhrif á núverandi umhverfi s.s. varðandi fráveitu verði miðað við blágrænar ofanvatnslausnir. Með því að vanda frágang og takmarka rask má halda neikvæðum áhrifum í lágmarki. Þá er auðvelt er að endurheimta votlendi með því að moka í skurði á túnum á Kambanesi og halda í tegundafjölbreytileika gróðurs með því að hamla útbreiðslu lúpínu. Metið verður hvort snjóflóðahætta er fyrir hendi á byggingreitum í hlíðum Kambahnútu og þeim hliðrað ef ástæða þykir til að forðast hættuna.

5.3 Niðurstaða umhverfismats

Í töflu 5.2 er greint frá niðurstöðu umhverfismats aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags-áætlunarinnar og samanburði valkosta. Áætlun um uppbygging ferðaþjónustu á Kambanesi eins og lýst er í aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagstillögu getur haft í för með sér nokkur umhverfisáhrif á svæðinu, einkum á gróðurfar, dýralíf og ásýnd. Dregið verður úr umhverfisáhrifum framkvæmdanna eins og kostur er þannig að áhrif á náttúrufar, landslag og ásýnd verði sem minnst. Neikvæð áhrif á þessa þætti og aðra má gera ráð fyrir að séu mest á framkvæmdatíma.

Líklegt er að uppbygging á Kambanesi eins og lýst er í deiliskipulagstillögu hafi jákvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag svæðisins. Uppbyggingin er líkleg til að renna styrkari stoðum undir uppbyggingu ferðaþjónustu og annarrar þjónustu á svæðinu. Gera má ráð fyrir fjölgun starfa í næsta nágrenni. Nokkur munur er talinn á umhverfisáhrifum valkosta 1 og 2 í deiliskipulagstillögu. Valkostur 2 sem upphaflega var lagt upp með hefur neikvæð áhrif á umhverfispættina landslag og ásýnd og náttúrufar, þar sem farið er víða inn á óraskað svæði sem njóta sérstakrar verndar. Valkostur 2 hefur neikvæð áhrif á mikilvæg verndarsvæði, með umfangsmikilli vegagerð, auk staðsetningar og fjölda húsa. Valkostur 1 var útfærður þegar þetta var ljóst eftir úttekt á gróðurfari og fuglalífi. Valkostur 1 er settur fram með þrengri skilmála þar sem mannvirki eru staðsett utan svæða með hátt verndargildi og deiliskipulagssvæðið ekki skorið í sundur með nýjum vegum. Áhrif valkosta 1 verða neikvæð á landslag en óveruleg á náttúrufar. Valkostur 1 hefur minni áhrif á landslag en valkostur 2, vegna minna umfangs, og þess að mannvirki verða minna dreifð um nesið og á þegar röskuðum svæðum.

Fyrir valkost 1 eru mannvirki staðsett þar sem ekki eru forgangsvistgerðir og votlendi. Valkostur 1 hefur óveruleg neikvæð áhrif á gróður og vistgerðir. Valkostur 2 hefur neikvæð áhrif á gróður og vistgerðir, þar sem þrjú votlendissvæði stærrí en 2 ha, sem njóta sérstakrar verndar, raskast vegna mannvirkja.

Valkostur 2 hefur neikvæð áhrif á fuglalíf og varp en valkostur 1 óveruleg neikvæð áhrif, þar sem hann verður umfangsminni jafnt á framkvæmda- og rekstartíma.

Valkostur 1 hefur óveruleg neikvæð áhrif á vatnafar en valkostur 2 hefur neikvæð áhrif vatnafar m.a. vegna skerðingar á votlendi.

Varðandi menningarminjar hefur valkostur 2 óveruleg neikvæð áhrif á minjar. Valkostur 1 hefur óveruleg áhrif á menningarminjar.

Báðir kostirnir bjóða upp á mikla uppbyggingu ferðaþjónustu, og eru taldir hafa jákvæð áhrif á samfélag. Þeir eru báðir taldir hafa óveruleg áhrif á heilsu og öryggi.

Valkostur 1 hefur óveruleg áhrif á landnotkun og takmarkanir, en valkostur 2 hefur óveruleg neikvæð áhrif á landnotkun.

Settir eru fram þrjú valkostir til samanburðar í deiliskipulagstillögu. Með því að nýta niðurstöður úttekta á gróðurfari, fuglalífi, fornminjum og samráð við umsagnaraðila er hægt að taka upplýsta ákvörðun um staðsetningar og umfang mannvirkja þar sem tekið er tillit til umhverfissjónarmiða.

Niðurstaða valkostagreiningar er sú að núll kostur er ekki samræmi við stefnu landeiganda á Kambanesi um uppbyggingu ferðaþjónustu. Verði ekki byggð upp ferðaþjónusta á Kambanesi þá er óbreytt ástand hvað varðar áhrif á umhverfispætti.

Út frá umhverfissjónarmiðum er valið að ráðast í deiliskipulag á valkosti 1. Umhverfisáhrif af valkosti 2 eru talin umtalsvert meiri. Þó umfang valkosti 1 sé minna en valkosti 2 þá er það metið svo að um sé að ræða rekstrarhæfa einingu. Valkostur 1 er mun hagkvæmari í framkvæmd. Niðurstaða umhverfismats er að valkostur 1 sé mun betri en valkostur 2. Valkostur 1 tekur tillit til gróðurvistgerða með hátt verndargildi og fuglalífs og hefur óveruleg neikvæð áhrif á náttúrufar, á meðan valkostur 2 hefur neikvæð áhrif á náttúrufar.

Niðurstaðan er því að tillaga að deiliskipulagi fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu á Heyklifi á Kambanesi fjallar um valkost 1 sem er sá kostur sem varð fyrir valinu.

6. Vöktun

Ýmis vöktun mun eiga sér stað verði af uppbyggingu á deiliskipulagsreitnum.

Starfsemi ferðaþjónustu á Heyklifi á Kambanesi er starfsleyfisskyld og verða þar sett fram skilyrði um vöktun áhrifa af starfsemi sem er á ábyrgð fyrirtækisins. Eftirlit með atvinnurekstri sem er starfsleyfisskyldur vegna hættu á mengun er á hendi Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Það er mat sveitarstjórnar að ekki sé þörf á sérstakri vöktun vegna deiliskipulagsins umfram þá vöktun sem ákvæði verða um við leyfisveitingar vegna framkvæmda og reksturs sem verður tilkomin vegna skipulagsins.

7. Leyfi

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

- Byggingaleyfi sveitarfélagsins Fjarðabyggðar skv. lögum nr. 160/2010 um mannvirki.
- Framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Fjarðabyggðar skv. reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.
- Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Rekstrarleyfi sýslumanns skv. lögum nr. 85/2007 um veitinga og gististaði.

8. Samantekt umhverfismats

Aðalskipulagsbreyting og gerð deiliskipulagsáætlunar fyrir Heyklif ferðaþjónustu á Kambanesi fellur undir lög um umhverfismat áætlana, þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.05 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Unnið er samhlíða að aðalskipulagsbreytingu, þannig að í aðalskipulagi Fjarðabyggðar verði gert ráð fyrir ferðaþjónustu á öllu Heyklifssvæðinu, deiliskipulagsgerð og matsskyldutilkynningu til Skipulagsstofnunar, vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar.

Áætlun um uppbyggingu ferðaþjónustu á Kambanesi getur haft í för með sér nokkur umhverfisáhrif á svæðinu, einkum á náttúrufar, landslag og ásýnd. Dregið verður úr umhverfisáhrifum framkvæmdanna eins og kostur er.

Þrjú raunhæfir valkostir voru skoðaðir við umhverfismat deiliskipulagsáætlunarinnar. Valkostir 1 og 2 og núllkostur eða óbreytt ástand. Valkostur 1 gerir ráð fyrir minna umfangi en valkostur 2. Varðandi

breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar er aðeins um tvo valkosti að ræða valkost 1, uppbygging ferðaþjónustu á Heyklifi eða núllkost. Báðir bjóða valkostir 1 og 2 upp á mikla uppbyggingu ferðaþjónustu, og eru taldir hafa jákvæð áhrif á samfélag, atvinnulíf og efnahag svæðisins. Valkostur 2 hefur, vegna staðsetningar og umfangs mannvirkja, neikvæðari áhrif á umhverfisþættina landslag og ásýnd og náttúrufar, en valkostur 1, þar sem farið er inn á svæði sem njóta sérstakrar verndar. Samkvæmt valkosti 1 eru mannvirki minni umfangs og staðsett utan svæða með hátt verndargildi hvað varðar minjar og náttúruvernd. Áhrif valkosti 1 verða neikvæð á landslag en óveruleg á náttúrufar. Valkostur 1 hefur óveruleg neikvæð áhrif á gróður og vistgerðir en valkostur 2 hefur neikvæð áhrif á gróður og vistgerðir, þar sem þrjú votlendissvæði stærri en 2 ha raskast. Valkostur 2 hefur neikvæð áhrif á fuglalíf og varp en valkostur 1 óveruleg neikvæð áhrif. Bæði valkostur 1 og 2 geta haft einhver neikvæð áhrif vatnafar og báðir eru taldir hafa óveruleg áhrif á minjar.

Í tillögu á deiliskipulagi eru settir eru fram þrjú valkostir til samanburðar. Niðurstöður úttekta á gróðurfari, fuglalífi, fornminjum og samráð við umsagnaraðila gerir kleift að taka upplýsta ákvörðun um staðsetningu og umfang mannvirkja, þar sem tekið er tillit til umhverfissjónarmiða. Niðurstaða valkostagreiningar er sú að núll kostur er ekki samræmi við stefnu landeiganda á Kambanesi um uppbyggingu ferðaþjónustu. Verði ekki af uppbyggingu þá er óbreytt ástand hvað varðar áhrif á umhverfisþætti.

Út frá umhverfissjónarmiðum er valið að ráðast í aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulag á valkosti 1, þar sem umhverfisáhrif af þeim kosti eru talin mun minni en af valkosti 2. Auk þess sem valkostur 1 er hagkvæmari í framkvæmd. Valkostur 1 tekur tillit til gróðurvistgerða með hátt verndargildi og fuglalífs og hefur óveruleg neikvæð áhrif á náttúrufar, á meðan valkostur 2 hefur neikvæð áhrif á náttúrufar.

Ekki er gert ráð fyrir vöktun vegna deiliskipulagsins umfram þá vöktun sem ákvæði verða um við leyfisveitingar vegna framkvæmda og reksturs sem verður tilkomin vegna skipulagsins.

Heimildir

1. Alta ehf., 2007. Fjarðabyggð Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027. Sveitarfélagið Fjarðabyggð.
2. Arkís. Deiliskipulag fyrir Heyklif á Kambanesi. Tillaga á vinnslustigi. Deiliskipulagsuppráttur og greinargerð. Desember 2019.
3. Citylab. Heyklif, ferðaþjónusta. Greinargerð með tilkynningu til Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar um matsskyldu. Unnið af Alta ehf. Janúar 2020.
4. Fjarðabyggð, Heyklif á Kambanesi við sunnanverðan Stöðvarfjörð í Fjarðabyggð. Skipulags og matslýsing fyrir nýtt deiliskipulag. 29.maí 2019
5. Fjarðabyggð, Heyklif, Ferðaþjónusta. Skipulags- og matslýsing fyrir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 og tillögu að nýju deiliskipulagi í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. 28. október 2019.
6. Fjarðabyggð og Alta ehf. Heyklif, ferðaþjónusta. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027. 13. janúar 2020.
7. Kristin Ágústsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Halldór Walter Stefánsson og Elín Guðmundsdóttir. Gróður, fuglar og fjöruvist á Kambanesi. Rannsóknir vegna fyrirhugaðra framkvæmda. NA-190188. sept. 2019 Náttúrustofa Austurlands.
8. Kristin Ágústsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Halldór Walter Stefánsson og Elín Guðmundsdóttir. Gróður, fuglar og fjöruvist á Kambanesi. Rannsóknir vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Kortlagning gróðurvistgerða á nýjum svæðum. Önnur útgáfa. NA-190188-2. Okt. 2019. Náttúrustofa Austurlands.
9. Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000
10. Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
11. Margrét Hermanns Auðardóttir. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Heyklifs, Stöðvarhreppi, Fjarðabyggð. Skráningarverkefni 152, xxx 2019.
12. Skipulagsstofnun, leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Apríl 2007.

